



# HÁSKÓLI LÍFS & LANDS

Lbhí er mennta- og rannsóknastofnun á sviði náttúrunýtingar og umhverfisfræða með áherslu á verndun og sjálfbæra nýtingu auðlinda landsins.

Lbhí er lítill háskóli og markast andrúmsloft kennslunnar og félagslífsins af því. Innan veggja skólans skiptir hver einstaklingur máli.

UMSÓKNARFRESTUR  
**5. JÚNÍ**

„ Fjallað sérstaklega um samspil manns og náttúru og sjálfbæra nýtingu hennar “

## NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI

Námsbraut í Náttúru- og umhverfisfræði til BS gráðu hefur að meginviðfangsefni að veita nemendum grunnþekkingu á íslenskri náttúru, náttúrufari og vistkerfum. Áhersla er lögð á að nemendur kynnist helstu einkennum og eiginleikum íslenskrar náttúru og vistfræðilegum ferlum hennar. Þá er fjallað sérstaklega um samspil manns og náttúru og sjálfbæra nýtingu náttúrunnar.

Nemendur geta valið á milli fjögurra námsleiða innan Náttúru- og Umhverfisfræðibrautar:

### ALMENN NÁTTÚRUFRAEÐI

áhersla á sérkennum íslenskrar náttúru.

### NÁTTÚRUNÝTING

náttúruauðlindir og sjálfbær nýting þeirra.

### NÁTTÚRA & SAGA

áhrif mannsins á náttúruna og áhrif náttúrunna á framvindu sögunnar.

### ÞJÓÐGARÐAR/ VERNDARSVÆÐI

náttúrutúlkun, verndar-  
áætlanir, náttúruvernd ofl.



### AÐ NÁMI LOKNU

Nám í náttúru- og umhverfisfræðum er góð undirstaða undir allt framhaldsnám í náttúruvísindum. Það hentar vel fyrir margvísleg störf sem krefjast sérþekkingar á íslenskri náttúru, s.s. umsjón, stjórn og skipulag umhverfismála og landnýtingar, eftirlit og umsjón með náttúruverndarsvæðum og mat á umhverfisáhrifum. Einnig er námið kjörið fyrir þá sem hyggjast afla sér kennsluréttinda í náttúrufræðum á grunn- og framhaldsskólastigi.

”

NÁM Í NÁTTÚRU- OG UMHVERFISFRÆÐI ER FJÖLBREYTT OG TEKUR TIL NÆR ALLRA ÞÁTTA Í NÁTTÚRU ÍSLANDS. “

Námið kenndi mér að vera óhrædd við að beita gagnrýnni hugsun og gaf mér svigrúm til að vera skapandi og fylgja mínum hugðarefnum. Kennararnir veita faglega og uppbyggilega leiðsögn í úrvinnslu krefjandi verkefna. Ég flutti á Hvanneyri því mig langaði að búa í nálægð við náttúruna. Þannig nýttist námið líklega best, að spá í það sem maður var að læra og hafði fyrir augnum í leiðinni.

BRYNJA DAVÍSDÓTTIR. BS OG M.SC. PRÓF FRÁ LBHÍ.  
FRAMKVÆMDASTJÓRI KÖTLU JARÐVANGS / KATLA GEOPARK.



”ræktun lands  
& landbúnaðar-  
framleiðsla“

## BÚVÍSINDI


Landbúnaðarframleiðsla og ræktun lands eru veigamiklir þættir í búvísindanáminu, sem veitir undirbúning fyrir margvísleg störf tengd landbúnaði, svo sem búrekstur, þjónustu, leiðbeiningar, kennslu og rannsóknir. Námið er góð undirstaða fyrir framhaldsnám og vísindastörf á sviði landbúnaðarfræða.

### ÁHERSLUR Í NÁMI

Í búvísindanámi er lögð áhersla á raungreinar og hagnýta náttúrufræði, námskeið á sviði jarðræktar og búfjárfræða og rekstrar- og tæknigreinar. Markmiðið er að undirbúa nemendur fyrir viðfangsefni og störf sem tengjast ræktun lands og landbúnaðarframleiðslu ásamt því að leggja grunn að framhaldsnámi og fræðistörfum á sviði búvísinda.

### AÐ NÁMI LOKNU

Nám til BS-prófs veitir undirbúning fyrir margvísleg störf sem tengjast landbúnaði við ráðgjöf, kennslu og rannsóknir. Einnig nýtist námið vel sem undirbúningur fyrir rekstur búa og störf hjá fyrirtækjum sem þjóna landbúnaði og atvinnurekstri í dreifbýli.



” skapa  
traustan  
þekkingargrunn  
á öllum sviðum  
hestafræða “

## HESTAFRÆÐI

Hestafræði er heiti á sameiginlegri námslínu Lbhí og Hólaskóla – Háskólans á Hólum, til BS-prófs. Hér er á ferð innihaldsríkt, alhliða nám sem er sett upp sem sameiginleg námsgráða Lbhí og Hólaskóla – Háskólans á Hólum en námsvistin skiptist á milli beggja skólanna eftir árum.

### SKIPULAG

Skipulag námsbrautarinnar er í stórum dráttum þannig að grunnfög raungreina og sérfög búvísinda ásamt rekstrargreinum eru kennd á Hvanneyri, en námskeið í reiðmennsku og flestum sérhæfðum hestafögum fara fram á Hólum. Í náminu er lögð áhersla á að skapa traustan þekkingargrunn á öllum sviðum hestafræða með sérstaka áherslu á íslenska hestinn. Við Lbhí er starfrækt fullbúin hestamiðstöð þar sem nemendur geta m.a. leigt aðstöðu fyrir eigin hross.

### AÐ NÁMI LOKNU

Nám á hestafræðalínu undirbýr fólk fyrir störf í atvinnugreininni við rekstur hrossabúa og fyrir sérhæfða þjónustu, ráðgjöf og hverskyns miðlun þekkingar við hrossaræktendur og hestamenn.



## UMHVERFIS- SKIPULAG

Umhverfi þarf að vera þannig að fólki líði vel við leik og störf. Góð íbúðasvæði með samspili bygginga og opinna svæða auka á vellíðan og heilbrigði fólksins. Gott skipulag landnotkunar í þéttbýli og dreifbýli er mikilvægt fyrir þá sem búa á viðkomandi stað, enda hafi hönnuðir haft samspil náttúru, íbúa og hönnunar að leiðarljósi. Um leið þurfa þeir að leggja áherslu á sjálfbærni, vistvæna nálgun auk sérstöðu náttúru og samfélags. Umhverfið mótar manninn. Áhrif hans á það sem honum er næst geta verið umtalsverð. Þar má ekki kasta til höndum. Umhverfisskipulag er BS-nám í Landslagsarkitektúr og Skipulagsfræðum.

### FRAMHALDSNÁM

Með því að halda áfram í námi til meistara-gráðu geta nemendur öðlast starfsréttindi sem landslagsarkitektar eða skipulagsfræðingar. Fólk sem hlotið hefur þessa gráðu vinnur að mótun umhverfis í þéttbýli og dreifbýli. Það gegnir mikilvægu hlutverki við að skipuleggja umhverfi okkar daglega lífs og þarf stöðugt að vera vakandi fyrir vistvænum og sjálfbærum lausnum í þéttbýli sem dreifbýli.

”BESTA ÁKVÖRÐUN LÍFS MÍNS VAR AÐ FARA Í NÁM Í UMHVERFISSKIPULAGI Í LBHÍ!

Námið er krefjandi en jafnframt skemmtilegt og fjölbreytt. Það opnar augu manns fyrir svo mörgum þáttum í umhverfinu sem mun nýtast manni í áframhaldandi námi eða vinnu.

Eitt það besta við námið er aðstaðan, það eru forréttindi að fá aðstoðu á vinnusal með þessu magnaða útsýni til fjalla og stutt er út í náttúruna til að hlaða batteriin þegar mikið er að gera.

ANNA KRISTÍN GUÐMUNDSDÓTTIR, NEMI Í UMHVERFISSKIPULAGI.

### AÐ NÁMI LOKNU

Störf að loknu BS- námi geta verið margvísleg. Nefna má störf hjá opinberum aðilum, sveitarfélögum og ráðgjafafyrirtækjum, á teiknistofum landslagsarkitekta, skipulagsfræðinga, verkfræðinga og arkitekta, auk umsjónar með náttúruverndar- og útivistarsvæðum.

Landslagsarkitektar og skipulagsfræðingar vinna meðal annars við skipulagningu á þróun byggðar og landnýtingar. Þeir hanna opin svæði, garða og torg, skólalóðir, útivistar og ferðamannasvæði, kirkjugarða og vegastæði svo eitthvað sé nefnt. Þá má nefna að leitað er til landslagsarkitekta og skipulagsfræðinga þegar unnið að mati á umhverfisáætlunum og fleiri verkefnum sem tengjast skipulagsmálum og náttúrufræði.



FINNU OKKUR Á FACEBOOK

Á síðustu árum hefur þörf fyrir fólk með trausta fagþekkingu á þessu sviði stóraukist. Einnig eru að verða til lítil verktakafyrirtæki víða um land sem sérhæfa sig á þessu sviði og selja þjónustu sína til bænda, sveitarfélaga og annarra landeigenda.

## SKÓGFRÆÐI- & LANDGRÆÐSLA

Á námsbrautinni er annars vegar um að ræða nám með áherslu á sjálfbæra skógrækt og hins vegar á endurheimt vistkerfa á illa förnu landi, jarðvegs- og gróðurvernd og aðra landgræðslu.

Boðið er upp á tvær námslínur, skógfræði og landgræðslufræði, sem eru nánast eins fyrstu tvö árin en aðgreinast síðan á lokaári námsins.

### SKÓGFRÆÐI

Áhersla er lögð á skóginn, bæði sem endurnýjanlega hráefnisauðlind á Íslandi og sem vistkerfi sem veitir margvíslega vistþjónustu. Ræktunartækni skógræktar, sjálfbær nýting og umhirda skóglanda, aðlögun að landslagi, vönduð áætlanagerð og skipulag framkvæmda sem og nýsköpun eru áherslur línunnar.



### LANDGRÆÐSLA

Áhersla er lögð á fræðilegan grunn og hagnýta þekkingu á sviði vistheimtar og sjálfbærrar landnýtingar sem miðar að verndun og endurheimt gróðurs- og jarðvegsauðlinda. Hnignun landkosta og jarðvegseyðing hafa haft víðtæk áhrif á umhverfisgæði, bæði á Íslandi og alþjóðlega.

### AÐ NÁMI LOKNU

Umsvif skógræktar og landgræðslu eru að aukast og færast út til landeigenda og þar með að verða málaflökkur sem kemur í æ ríkari mæli til kasta sveitarfélaga, ýmissa opinberra stofnana og einkaaðila.

Þetta er þverfaglegt nám sem nýtist einkar vel til starfa hjá hinu opinbera eða til sjálfstæðrar atvinnustarfsemi innan græna geirans. Einnig opnast möguleikar á störfum erlendis sem varða skógfræði og landgræðslu, t.d. í sambandi við þróunarverkefni í þriðja heiminum, en skógar- og jarðvegseyðing er oftast en ekki undirrót vandamála sem leysa þarf þar.

með sjálfbæra  
þróun & sköpun  
lífvænlegs umhverfis  
að leiðarljósi

## SKIPULAGSFRÆÐI

Meistaránámsbraut í Skipulagsfræði er tveggja ára nám með sjálfbæra þróun og sköpun lífvænlegs umhverfis að leiðarljósi. Lögð er áhersla á gagnrýna skipulagshugsun. Skipulagsfræði er sjálfstæð fræðigrein, en henni tengist fjöldi annarra faggreina svo sem lögræði, félagsfræði, hagfræði, landfræði, náttúrufraeði, sagnfræði, arkitektúr og verkfræði. Mikilvægt er að skipulagsfræðingar á Íslandi hafi aflað sér þekkingar á náttúrufari, veðurfari, samfélagi, hagkerfi, lagaumhverfi, tækni, menningu, fagurfræði, sögu landsins, byggðarþróun og innri gerð byggðar.

Meginmarkmið námsbrautarinnar er að útskrifa nemendur sem hafa tileinkað sér sérhæfingu skipulagsfræðings í að tvíanna saman alla þá ólíku þætti sem koma að skipulagsgerð, hagræna og félagslega, umhverfislega, lagalega og hagsmunatengda þætti.

**FYRSTA ÖNN:** Nemendur sækja námskeið í skipulagskenningum og aðferðum. Áhersla er á skipulag á Íslandi.

**ÖNNUR ÖNN:** Nemendur vinna við hagnýtt verkefni á vinnustofu og leysa raunveruleg skipulagsverkefni úr umhverfinu.

**ÞRIÐJA ÖNN:** Nemendur eru hvattir til að eyða þessari önn sem skiptinemar við erlenda háskóla og að velja sér námskeið með hliðsjón af viðfangsefni meistaraverkefnis.

**FJÓRÐA ÖNN:** Á lokaönninni er megináhersla á ritun meistararitgerðar. Nemendur vinna sjálfstætt undir handleiðslu leiðbeinenda.

Sjálfstætt rannsóknarverkefni vegur fjórðung eða helming á móti skipulögðum námskeiðum.

### AÐ NÁMI LOKNU

Vaxandi þörf er fyrir menntaða skipulagsfræðinga á Íslandi en samkvæmt lögum þurfa sveitarstjórnir að útbúa svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag og að auki er krafa um landskipulagsáætlun. Námið er sniðið að íslenskum þörfum en fylgir engu að síður nýjustu stefnum í skipulagskenningum og fræðigreininni.

Nemendur eru þjálfaðir í að beita meigindlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum, rýmis-hönnun og hagnýtri nálgun við lausn skipulagsverkefna með samvinnu við ýmsa hagsmunaaðila. Að loknu námi eiga nemar að geta fengist við ýmisleg skipulagsverkefni t.d. unnið sjálfstætt að ráðgjöf og aðstoðað opinbera aðila við ákvarðanir í skipulagsmálum og metið líklegar afleiðingar þeirra.

Miðað er við að nemendur sem útskrifast af námsbrautinni uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til menntunar skipulagsfræðinga af Skipulagsfræðingafélagi Íslands.

Kennsla í skipulagsfræðum fer fram á starfsstöð Lbhá á Keldnaholti í Reykjavík.



## FRAMHALDSNÁM



## MEISTARANÁM

Umsóknarfrestur til að hefja framhaldsnám á haustönn: 15. apríl / Vorönn: 15. október

## RANNSÓKNARMIÐAÐ FRAMHALDSNÁM

Markmið rannsóknanámsins er að sjá samfélaginu fyrir nýrri þekkingu á sérsviðum stofnunarinnar og mennta nýja vísindamenn á fræðasviðum skólans. Samtvinnun kennslu og rannsókna er megineinkenni á starfi Lbhí. Sérhæfð aðstaða til námsins er fólgin í vel útbúnum rannsóknastofum, tilraunaaðstöðu og tilheyrandi tækjabúnaði. Einnig nýtist vel landfræðileg nálgæð við viðfangsefni sem tengjast almennum náttúrufarsrannsóknum í jarð-, jarðvegs- og líffræði og ýmiss konar auðlindafræðum.

### MEISTARANÁM

Boðið er uppá 120 ECTS rannsóknarmiðað meistaránám, þar sem rannsóknaverkefni getur verið 60 eða 90 ECTS. Verkefnið er unnið undir náinni leiðsögn.

DÆMI UM MEISTARAVEKFNÍ:

ÁTGETA ÍSLENSKRA MJÓLKURKÚA  
TENGLS SNEFILEFNA OG JARÐVEGS-  
EIGILEIKA Í TÚNUM

HVAÐA TEGUNDIR MYNDA LÍFRÆNA  
JARÐVEGSSKÁN Á ÍSLANDI?

FJARKÖNNUN Á HAGAGÖNGU HREINDÝRA  
Í SNÆFELLS- OG ÁLFTAFJARÐARHJÖRÐ

EIGINLEIKAR ÍSLENSKS TRJÁVIÐAR –  
ÞÉTTLEIKI OG ENDING

## DOKTORSNÁM

Unnt er að leggja stund á doktorsnám á fræðasviðum skólans þar sem viðkomandi deild metur að nauðsynleg aðstaða og sérþekking sé fyrir hendi. Erlent og innlent samstarf er lykilatríði í doktorsnáminu og námsdvalir við aðrar menntastofnanir erlendis eða innanlands eru jafnan hluti af rannsóknáminu.

Doktorsnámið skiptist í 150 ECTS rannsóknarverkefni og 30 ECTS námskeiðshluta.

### FORKRÖFUR

Til að innritast í doktorsnám við Landbúnaðarháskóla Íslands skal nemandi hafa lokið viðurkenndu meistaraprófi á fagsviðinu sem doktorsnámið skal byggjast á eða hafa meistaragráðu á tengdu fagsviði. Doktorsnám að loknu meistaraprófi skal jafngilda þriggja ára námi í fullu starfi hið minnsta.

DÆMI UM DOKTORSVERKEFNI:

BREEDING SPRING BARLEY FOR  
SUB-ARCTIC CONDITIONS

THE EFFECTS OF INSECT HERBIVORY ON  
THE DEVELOPMENT OF LUPINE-COMMUNITIES  
AND ON AFFORESTATION IN OR NEAR LUPINE  
FIELDS

IMPACT OF SOIL TEMPERATURE AND  
N ENRICHMENT ON SOIL CARBON AND  
ECOSYSTEM STRUCTURE AND FUNCTION  
IN ICELANDIC GRASSLANDS.



„Námið er góður undirbúningur til framhaldsnáms á sviði almennra náttúruvísinda, búvísinda & dýralækninga“

## BÚFRÆÐI

Búfræðinám er tveggja ára sérhæft starfsmenntanám sem kennt er að stærstum hluta á Hvanneyri en 12 vikna námsdvöl fer fram á kennslubúum víða um land.

Útskrifaður búfræðingur sér um fóðrun, hirðingu og meðferð dýra, býr yfir færni í notkun og umhirðu landbúnaðartengdra véla og þekkingu á ræktun og nýtingu plantna til fóðuröflunar og beitar. Hann hefur þekkingu á ræktun og kynbótum búfjár. Hann er meðvitaður um lög og reglur sem tengjast landbúnaðarframleiðslu og gætir að umhverfi og öryggi.

Hann nýtir auðlindir landsins á skýsamlegan hátt með sjálfbærni og afurðir að leiðarljósi.

Kennt er eftir nýrri námsskrá í tveimur sjö vikna kennslulotum á hverri önn. Boðið er upp á fjölda valnámskeiða, t.d. ferðapjónusta í landbúnaði, mjaltapjónar, búsmíði, járnngar o.m.fl.

Markmið búfræðináms er að auka þekkingu og færni einstaklingsins til að takast á við búrekstur og alhliða landbúnaðarstörf, ekki síst á sviði rekstrar, bótækni, jarð- og búfjarræktar.

## SÉRHÆFING

Möguleikar á sérhæfingu í náminu eru einkum á sviði nautgripa-, sauðfjár- og hrossaræktar. Á Hvanneyri er kennslufjós og fjárhús á Hesti. Þá er skólinn með frábæra aðstöðu til kennslu í hrossarækt og hestamennsku.

## NÁMSDVÖL

Hluti búfræðinámsins felst í námsdvöl á einu af tæplega 80 kennslubúum sem Lbhí er með samstarfssamning við. Þar dvelur nemandinn sem einn af fjölskyldunni í 12 vikur (apríl - júní) og tekur þátt í daglegum bústörfum heimilismanna.

## AÐ NÁMI LOKNU

Búfræðingar starfa við landbúnað annað hvort við eigin rekstur eða hjá öðrum og þá gjarnan sem verkstjóri eða bústjóri. Námið er einnig góður undirbúningur til framhaldsnáms á sviði almennra náttúruvísinda, búvísinda og dýralækninga.







”Ylræktin gaf mér nýjan skilning á heiminum, að ógleymsdu öllu grænmetinu!”

ÓLI FINNSSON NEMI Á YLRÆKTARBRAUT

## GARÐYRKJA

### GARÐYRKJUFRAMLEIÐSLA

Námið veitir staðgóða þekkingu í garðyrkjuframleiðslu við íslenskar aðstæður. Sérfög brautanna hefjast á annarri önn en eftir því sem líður á námið verður sérhæfingin meiri.

### GARÐ- OG SKÓGARPLÖNTUBRAUT

Á garð- og skógarplöntubraut læra nemendur allt um framleiðslu og uppeldi garð- og skógarplantna við íslenskar aðstæður. Auk grunnreina í plöntulífefðisfræði, jarðvegs- og áburðarfræði og vistfræði, læra nemendur um allar helstu tegundir garð- og skógarplantna í ræktun, auk matjurta og ávaxtatrjáa. Að námi loknu starfa garðyrkjufræðingar af þessari braut í garð- og skógarplöntustöðvum við uppeldi og sölu plantna, hjá sveitarfélögum eða við margvísleg garðyrkjustörf.

### LÍFRÆN RÆKTUN MATJURTA

Í náminu læra nemendur að framleiða matjurtir og afurðir þeirra eftir aðferðum lífrænnar framleiðslu, bæði í gróðurhúsum og utanhúss. Auk almennra grunnfaga garðyrkjunáms læra nemendur um mismunandi ræktunarstefnur, jarðvegs- og skiptiræktun í lífrænni ræktun, býflugnarækt til hunangsframleiðslu, gæðamál og úrvinnslu afurða. Stóraukin eftirspurn er eftir afurðum framleiddum með aðferðum lífrænnar ræktunar þannig að atvinnu- móguleikar eru miklir.

### YLRÆKTARBRAUT

Á ylræktarbraut læra nemendur um framleiðslu margvíslegra afurða í gróðurhúsum, svo sem matjurta, afskorinna blóma og pottaplantna, auk þess sem farið er í ræktun matjurta utanhúss. Auk grunnreina garðyrkjunáms er farið í loftslagsstýringu í gróðurhúsum, viðbrögð við meindýrum og sjúkdómum, gæðamál og umhverfismál tengd faginu. Framleiðsla matvæla í gróðurhúsum er ört vaxandi grein og mikil þörf fyrir vel menntað garðyrkjufólk til starfa í greininni.

### BLÓMASKREYTINGAR

Námið veitir nemendum undirstöðuþekkingu í störfum sem líta að blómaskreytingum sem notaðar eru við margvísleg tækifæri. Nemendur fá innsýn í rekstur blómaverslana og læra að setja fram vörur í verslunum en auk þess læra nemendur flest það sem kemur að meðferð og notkun afskorinna blóma í blómaskreytingum, form og lítafræði, útstillingar og fleira sem nýtist þeim í starfi sem blómaskreytar. Faglarðir blómaskreytar eru eftirsóttur starfskraftur og miklir móguleikar eru á að starfa sjálfstætt í greininni.

### SKÓGUR OG NÁTTÚRA

Námið veitir undirstöðuþekkingu í störfum sem líta að skógrækt og umönnun umhverfis. Í því eru kenndar grunnreinar náttúrufræði, svo sem jarðvegs- og áburðarfræði, plöntuþekking, plöntulífefðisfræði, vistfræði og umhverfisfræði. Einnig er fjallað ítarlega um skógrækt, nýtingu skógarafurða, skjólbelti, útivistarsvæði og friðlönd. Skógtæknar vinna gjarnan á skógræktar- og landgræðslusvæðum, opnum svæðum sveitarfélaga og öðrum svæðum sem þarfnast sérhæfðrar umhirðu við.

### SKRÚÐGARÐYRKJA

Skrúðgarðyrkja er löggilt iðngrein og stunda nemendur samningsbundið iðnnám hjá viðurkenndum skrúðgarðyrkju-meistarara. Náminu lýkur með sveinsprófi. Atvinnuögu- leikar eru miklir eftir námið. Skrúðgarðyrkjufræðingar annast m.a. uppbyggingu og gerð garða og grárra svæða, sem og trjá- og runnaklippingar, illgresiseyðingu, slátt, mosatætingu, úðun, áburðargjöf og margt fleira. Að loknu sveinsprófi geta skrúðgarðyrkjumenn farið í framhaldsnám í iðnmeistaránám.

Fáðu nánari upplýsingar & finndu okkur á facebook



BORGARNES

HVANNEYRI

AKRANES

REYKJAVÍK  
KELDNAHOLT

REYKIR  
(HVERAGERÐI)

HVAR?

Hvanneyri er 80 km frá Reykjavík og tekur um eina klukkustund að aka þar á milli.

Reykir eru 40 km frá Reykjavík og tekur 30 mín. að keyra frá Reykjavík. Starfsstöð Landbúnaðarháskólans að Reykjum tilheyrir Ölfusi og stendur rétt fyrir ofan sundlaugina í Laugaskarði í Hveragerði.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK / INSTAGRAM / WORDPRESS > NLBHI

## FÉLAGSLÍF

Nemendafélag Lbhí stendur fyrir fjölbreyttu félagslífi og skipuleggur ýmsa viðburði og uppákomur með það að markmiði að allir hafi gaman af og kynnist samnemendum sínum. Má þar nefna árshátíð, nýnemasprell og leðjubolta. Að auki er nokkrir klúbbar starfræktir meðal nemenda á Hvanneyri og á Reykjum.



facebook.com/nlbhi | instagram.com/nlbhi/ | nlbhi.wordpress.com/





## SAGAN

Búnaðarskóli var stofnaður á Hvanneyri 1889 og hófst háskólakennsla þar með stofnun framhaldsdeildar árið 1947. Var þá í fyrsta sinn boðið upp á háskólanám á sviði raunvísinda á Íslandi.

Árið 1999 var nafni skólans breytt í Landbúnaðarháskóla Íslands og námsbrautum fjölgað m.a. kennsla í landnýtingu og umhverfisskipulagi.



Árið 2005 sameinuðust Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), Garðyrkjuskóli ríkisins og Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og mynduðu Landbúnaðarháskóla Íslands.

Auðvelt er að stunda útivist á Hvanneyri og þar er að finna fallegar göngu- og reiðleiðir og náttúrufergurð allt um kring.

ÍBÚÐIR OG HERBERGI VIÐ ALLRA HÆFI!

NÁNAR Á [WWW.LBHI.IS](http://WWW.LBHI.IS)



## HÚSNÆÐI

### NEMENDAGARÐAR

Á nemendagörðum á Hvanneyri er hægt að leigja húsnæði af ýmsum gerðum og stærðum. Í boði eru einstaklingsherbergi, einstaklingsíbúðir og tveggja til fjögurra herbergja íbúðir. Nemendagarðarnir eru í örstuttu göngufæri frá aðalbyggingu skólans.

Nemendur eru um 400 við skólann og á Hvanneyri eru um 300 manns með fasta búsetu. Á staðnum er starfræktur leik- og grunnskóli.

Hvanneyrartorfan, þ.e. gömlu byggingarnar á staðnum og svæðið í kring voru friðlýstar vegna menningarsögulegs gildis síns árið 2014.

# NÁM Í LBHÍ

## STARFS-& ENDURMENNTUN

## BÚFRÆÐI

## GARÐYRKJA

## ENDURMENNTUN

## HÁSKÓLADEILDIR

## BÚVÍSINDI

## HESTAFRÆÐI

## SKÓGFRÆÐI & LANDGRÆÐSLA

## NÁTTÚRU- & UMHVERFISFRÆÐI

## UMHVERFIS- SKIPULAG

## FRAMHALDSNÁM

## SKIPULAGSFRÆÐI

## MEISTARANÁM

## DOKTORSNÁM

## NÁMIÐ

Við Landbúnaðarháskóla Íslands eru þrjár deildir, starfs- & endurmenntunardeild, háskóladeild og framhaldsdeild.

Starfsmenntadeild býður upp á námsleiðir á framhalds-skólastigi. Blómaskreytingar, búfræði, garðyrkjuframleiðsla, skógur/náttúra og skrudgarðyrkja. Búfræði er kennd á Hvanneyri en garðyrkjunámið á Reykjum í Ölfusi. Lbhí starfrækir einnig öfluga endurmenntunardeild sem stendur fyrir margskonar námskeiðum yfir árið.

Í háskóladeildinni er boðið uppá þriggja ára nám til BS-gráðu á fimm námsbrautum og er kennt Hvanneyri.

Í framhaldsdeild er boðið uppá meistaranám (M.Sc.) og doktorsnám (PhD) í öllum fræðum háskóladeildar.

## FJARNÁMSLAUSNIR

Boðið er upp á fjarnámslausnir í flestum námsgreinum háskóladeilda sem og starfsmenntanámi.

## NOVA / ERASMUS+

Samstarfsnet Norrænu dýralækna- og landbúnaðarháskólanna. Í gegnum NOVA geta nemendur með BS-gráðu frá Lbhí gengið beint inn í meistaranám í mörgum greinum við þessa háskóla og fengið einingar sínar metnar til fulls eða sótt sér viðbótar meistara- eða doktorsnámskeið sem hluta af námi sínu við Lbhí. Auk þess geta nemendur sótt um starfs- eða skiptinám til ýmissa skóla í Evrópu í gegnum ERASMUS+.

## GESTANÁM

Samningur er á milli HÍ, HA, Lbhí og Hólaskóla um að opna fyrir aukinn aðgang nemenda að námskeiðum á milli skóla. Markmiðið er að auðvelda og hvetja nemendur til að gerast gestanemendur við aðra opinbera háskóla.

## STARFSSTÖÐVAR

### HVANNEYRI

Miðstöð háskólanámsins, skrifstofur og stjórnarsýsla skólans er á Hvanneyri.

### KELDNAHOLT

Á Keldnaholti í Reykjavík er aðalaðsetur rannsóknasviðs Lbhí. Í næsta nágrenni er tilraunastöð Lbhí í jarðrækt, Korpa.

### REYKIR

Að Reykjum fer fram starfsmenntanámi í blóma-skreytingum, garðplöntuframleiðslu, skóg- og náttúru, skrudgarðyrkju, lífrænni ræktun og ylrækt.